

## AUGLÝSING

### um breytingu á reglum nr. 485/2005 um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

11. gr. orðist svo:

##### *Grunnfjárhæð.*

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri getur numið allt að 115.567 kr. á mánuði, hér eftir nefnd grunnfjárhæð.

Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að 184.907 kr. á mánuði (115.567 kr. x 1,6).

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

Unglingar yngri en 18 ára eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

#### 2. gr.

16. gr. A orðist svo:

##### *Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri.*

A. Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin. Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, fristundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 11.635 kr. á mánuði.

#### 3. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru af borgarráði 22. janúar 2009 að fengnum tillögum velferðarráðs, eru gerðar á grundvelli 21. gr. laga nr. 40/1991, með síðari breytingum, og gilda frá 1. janúar 2009.

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 22. janúar 2009.*

**e.u. Ólafur Kr. Hjörleifsson.**

B-deild – Útgáfud.: 12. febrúar 2009